

REGLUR

um upplýsingagjöf vegna starfsemi sjóða yfir landamæri.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um rekstrarfélög verðbréfasjóða, sbr. 1. gr. laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði, og rekstraraðila sérhæfðra sjóða, sbr. 1. gr. laga nr. 45/2020 með sama heiti.

2. gr.

Upplýsingagjöf vegna starfsemi yfir landamæri.

Samkvæmt XII. kafla laga nr. 116/2021 skal rekstrarfélag verðbréfasjóðs, sem hyggst hefja starfsemi yfir landamæri, tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það. Þá er kveðið á um samstarf og upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda innan EES í 127.-129. gr. laganna. Samkvæmt VIII. kafla laga nr. 45/2020 skal rekstraraðili sérhæfðra sjóða, sem hyggst hefja starfsemi yfir landamæri, tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það.

Reglur þessar eru settar til að leiða í íslenskan rétt framseldar reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) sem tilgreina nánar þær upplýsingar sem tilkynna skal til Fjármálaeftirlitsins vegna starfsemi yfir landamæri, form og efni staðfestinga Fjármálaeftirlitsins og verklag við upplýsingaskipti og notkun rafrænna samskipta á milli lögbærra yfirvalda.

3. gr.

Innleiðing reglugerða.

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi eftirtaldar reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB):

1. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 584/2010 frá 1. júlí 2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB að því er varðar snið og inntak staðlaðrar tilkynningar og staðfestingar á verðbréfasjóði, notkun rafrænna samskipta milli lögbærra yfirvalda vegna tilkynninga og verklagsreglur vegna sannprófunar á staðnum og rannsókna sem og upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar [nr. 168/2012 frá 28. september 2012](#). Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins [nr. 56 frá 10. október 2013, bls. 25-36](#).
2. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/910 frá 15. desember 2023 um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB að því er varðar snið og inntak upplýsinganna sem tilkynna skal að því er varðar starfsemi verðbréfasjóða yfir landamæri, rekstrarfélög verðbréfasjóða, skipti á upplýsingum milli lögbærra yfirvalda með tilkynningarbréfum yfir landamæri, og um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 584/2010, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar [nr. 97/2025 frá 8. maí 2025](#). Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB [nr. 63 frá 9. október 2025, bls. 134-137](#).
3. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/913 frá 15. desember 2023 um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB að því er varðar snið og inntak upplýsinganna sem tilkynna skal að því er varðar starfsemi rekstraraðila sérhæfðra sjóða yfir landamæri og skipti á upplýsingum milli lögbærra yfirvalda með tilkynningarbréfum yfir landamæri, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar [nr. 215/2024 frá 23. september 2024](#). Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB [nr. 17 frá 20. mars 2025, bls. 1-22](#).

4. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 14.-16. tölul. og 19.-21. tölul. 2. mgr. 134. gr. laga nr. 116/2021 og 9. tölul. 2. mgr. 117. gr. laga nr. 45/2020, öðlast þegar gildi.

Seðlabanka Íslands, 17. október 2025.

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri.

Rannveig Jóníusdóttir
framkvæmdastjóri.

B deild - Útgáfudagur: 31. október 2025